

Mánudaginn hinn 19. septembermán.
 Nr. 24/1898: Ólafur Ólafsson
 gegn
 Sigurd Johansen.

D ó m u r :

Áfrýjandi, Ólafur Ólafsson, höfðaði mál þetta í hjeraði gegn stefnda kaupmanni Sig. Johansen til lúkningar á ógoldnum vinnulaunum, er hann taldi sig eiga hjá stefnda, að upphæð 43 kr. 50 a. Var málið dæmt í hjeraði 19. marz þ. á. með þeim úrslitum, að stefnda var gjört að greiða áfrýjanda 3 kr. 50 a., en að öðru leyti skyldi hann sýkn af kröfum áfrýjanda í málinu. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefur áfrýjandi skotið til landsyfirdómsins með stefnu, dags. 20. maí síðastl., og krafizt fyrst og fremst, að málinu verði heimvísað, en til vara, að dómnum verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 43 kr. 50 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi og ennfremur 25 kr. í skaðabætur, og málskostnað fyrir báðum rjettum. Hiun stefndi hefur hvorki mætt nje mæta látið og ber því að dæma málið samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796 § 2 eptir hinum framlögðu skjölum og skilríkjum.

Til að heimvísá málinu þykir eigi vera nein ástæða.

Atvik málsins eru þessi: Skömmu eptir ný-ár 1897 barst áfrýjanda viðskiptareíkingur hans við stefnda, dags. 2. jan. s. á. Varð áfrýjandi þá

Þess var, að honum var ekki reiknað til inngjalda verkalaun fyrir 18¹/₂ dag. Er hann kvartaði um þetta við stefnda, voru undirtektirnar ekki góðar. Ritaði hann síðan 10. marz s. á. stefnda brjef þessu viðvíkjandi og fjekk þá þrem dögum seinna þá leiðrjettingu, að honum var bætt upp 3 daga verkkaup, og síðar fjekk hann enn bætt upp 1 dags vinnulaun. Á sáttafundi 17. apríl 1897 bauð stefndi enn fremur að greiða honum verkalaun í 5 daga, ef áfrýjandi ljeti málið falla niður, en það boð þáði áfrýjandi ekki. Auk þess að þessi upp-bótargreiðsla stefnda til áfrýjanda ber ljósan vott um, að vinnubók stefnda hefur ekki verið reglulega og áreiðanlega færð, þá hefur áfrýjandi með vottorðum nokkurra manna, sem ekki hefur verið sjerstaklega mótmælt af stefnda, gjört það mjög sennilegt, að svo hafi ekki verið. Úrslit málsins virðast því eiga að vera komin undir því, hvort stefndi treysti sjer til að vinna eið að því, að krafa áfrýjanda sje röng, og að hann eigi ekki hjá stefnda hina umstefndu upphæð. Vinni hann eiðinn, á hjeradsdómurinn að vera óraskaður og málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður, en treysti hann sjer ekki til að vinna svofelldan eið, þá ber honum að greiða áfrýjanda 43 kr. 50 a með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, þangað til greitt verður, og málskostnað með 30 kr.

Því dæmist rjett vera:

Svo framarlega sem stefndi, kaupmaður Sigurd Jóhansen, eptir löglegan undirbúning á sínu varnarþingi synjar fyrir það með eiði,

að áfrýjandi Ólafur Ólafsson hafi átt hjá honum ógoldin vinnulaun, að upphæð 43 kr. 50 a., þegar mál þetta var höfðað í hjeraði, á hjeraðsdómurinn að vera óraskaður og málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður, en vinni hann eigi svofelldan eidd, á hann að greiða áfrýjanda 43 kr. 50 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 30 kr. í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 3. októbermánaðar.

Nr. 35/1898:

Rjettvísín

gegn

Sigprúði Oddsdóttur.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkvednum 12. febrúarmánaðar þ. á., var hin ákærða Sigprúður Oddsdóttir frá Króki á Kjalarnesi dæmd fyrir þjófnað í 5 daga fangelsi við yatn og brauð og til að greiða allan af málinu gegn henni leiðandi kostnað, en þessum dómi hefur af hlutadeigandi amtmanni fyrir rjettvísinnar hönd verið áfrýjað til yfirdómsins.

Það er með eigin játingu hinnar ákærðu sannað, að 20. sept. f. á. var hún í kaupstaðarferð stödd í verzlunarbúð Thomsens kaupmanns í Reykjavík og tók þá með launung og án þess að